



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1236
komudagur 25.1.2008

Reykjavík, 24. janúar 2008

R07120080

175

ÓKH/jb

Alþingi - Menntamálanefnd

150 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla - umsögn

Á fundi borgarráðs í dag var samþykkt umsögn borgarlögmanns frá 22. þ.m. um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Umsögnin, sem fylgir í ljósriti, er hér með send menntamálanefnd Alþingis.

Ólafur Kr. Hjörleifsson
e.u.

Afrit:
Borgarlögmaður



4

Reykjavík, 22. janúar 2008
R07120080
175
KS/

Borgarráð

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Með bréfi, dags. 12. desember sl. sendi menntamálanefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Frestur til að skila umsögn um frumvarpið var til 22. janúar sl. en undirrituð óskaði eftir framlengdum fresti til 25. janúar. Undirrituð hefur yfirfarið frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Almennt um frumvarpið

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Veigamikil breyting felst í því að frumvarpið tekur einnig til leikskólastigsins og munu starfsheiti og starfsréttindi leikskólakennara og leikskólastjóra því verða lögvernduð ef frumvarpið verður að lögum. Er sú breyting m.a. rökstudd með því að leikskólinn sé fyrsta stig íslenska skólakerfisins.

Í frumvarpinu eru ítarleg ákvæði um fyrirkomulag ráðninga, auglýsingaskyldu, mat á umsóknum, ráðningarsamninga og uppsagnarfresti. Lagst er eindregið gegn því að með þessum hætti sé í lögum kveðið á um atriði sem fyrst og fremst eiga heima í kjarasamningum. Ítarleg lagasetning um ráðningu og ráðningarkjör einstakra starfsstétta stangast m.a. á við þá meginreglu sem fram kemur í 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, en þar segir að um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fari eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga. Í III., IV., V. og VII. kafla frumvarpsins eru ákvæði sem kveða á um að leyfisbréf til þess að nota starfsheitin leikskólakennari, grunnskólakennari og framhaldsskólakennari séu skilyrði fyrir ráðningu. Þá eru þar eins og áður sagði ítarleg ákvæði um það hvernig ráðningarvaldinu er fyrirkomið, auglýsingaskyldu á lausum störfum, undantekningar frá auglýsingaskyldu, ráðningarsamninga og uppsagnarfresti.

Sambærileg lagaákvæði þekkjast hvorki um aðrar starfsstéttir hjá sveitarfélögum né í öðrum lögum sem kveða á um lögverndun/löggildingu tiltekinna starfsheita og/eða starfsréttinda. Sú löggjöf sem frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi var sett til þess að tryggja að kennarar héldu öllum réttindum sínum við það að grunnskólinn var færður frá ríki til sveitarfélaga. Þau rök eiga ekki við nú og þannig ekkert sem kallar á að um þessa starfsstétt gildi annað en aðrar starfsstéttir sem vinna hjá sveitarfélögum. Hefur það ekki valdið erfiðleikum að slík ákvæði hafa ekki gilt um leikskólakennara. Ákvæði III. kafla um starfsréttindi og ráðningar í leikskólum eiga þannig ekki heima í frumvarpinu að undanskildum ákvæðum sem beinlínis varðá

starfsréttindin. Bent er á að um ráðningar og uppsagnarfresti leikskólakennara hafa aðilar þegar samið í kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara. Sambærileg ákvæði er ekki að finna í kjarasamningi launanevndarinnar og Kennarasambands Íslands fyrir grunnskólakennara, enda er slík ákvæði þegar að finna í gildandi lögverndunarlögum. Nú er tækifæri til að breyta þessu fyrirkomulagi til samræmis við það sem almennt gildir og er Reykjavíkurborg kunnugt um að Launanevnd sveitarfélaga hefur þegar hafið viðræður við Kennarasamband Íslands um slíkar breytingar.

Í frumvarpinu felst sú meginbreyting að gerð er krafa um meistaragráðu til að öðlast starfsheiti og starfsréttindi kennara í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum. Ætlunin með þessari breytingu er að auka gæði kennslu á öllum skólastigum. Reykjavíkurborg er vitaskuld sammála því markmiði að gæði skólustarfs verði aukin og að menntun allra barna verði sambærileg við það besta sem þekktist í nágrannalöndum okkar. Ekki er þó sjálfgefið að lenging kennaranáms sé eina eða besta leiðin til að ná því markmiði. Til þess að lenging kennaranáms skili árangri þarf að liggja skýrar fyrir hvernig ætlunin er að nýta lengingu námstímans til þess að breyta áherslum í kennaranámi. Lágmarkskrafa um meistarapróf, þ.e. rannsóknarnám á háskólastigi, til að vera fær um að kenna börnum í leik- og grunnskólum er býsna mikil þegar horft er til þess að meirihluti kennara á háskólastiginu hefur ekki uppfyllt þetta fyllilega fyrr en á allra síðustu árum. Meirihluti leikskólakennara hefur ekki grunnnám að baki á háskólastigi auk þess sem það er ekki hlutverk leik- og grunnskólakennara að leiðbeina nemendum við rannsóknir eða að stýra stórum stofnunum faglega.

Í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við er hvergi gerð krafa um meistararéttindi vegna kennslu og uppeldis barna frá 0-5 ára aldurs. Akkilesarhællinn í starfi leikskóla Reykjavíkurborgar er ekki menntunarskortur leikskólakennara heldur skortur á menntuðum kennurum. Fullt tilefni er til að hafa þungar áhyggjur af því hvaða áhrif lenging kennaranáms muni hafa fyrir mönnum starfa í leikskólum og grunnskólum. Hætt er við að einsleit krafa um meistaragráðu til að starfa á leikskólum muni frekar fæla frá hæft starfsfólk leikskóla sem áhuga hefur á að tryggja starfsöryggi sitt og bæta við sig styttra námi í því skyni. Þá er ekki útilokað að færri kennaranemar innritist í háskóla en ella vegna lengingar kennaranáms. Má auðveldlega leiða að því líkur að breytingin leiði til þess að hlutfall kennara án kennsluréttinda í leik- og grunnskólum hækki frá því sem verið hefur en á undanförmum árum hefur náðst verulegur árangur í því að fjölga grunnskólakennurum. Hlutfall leikskólakennara hefur hins vegar haldist nánast óbreytt undanfarin ár og að meðaltali er aðeins um þriðjungur starfsmanna, sem sinna menntun og uppeldi leikskólabarna, með leikskólakennararéttindi. Vekur þessi staða meðal annars þá spurningu hvort eðlilegt sé eða tímabært að gera sömu menntunarkröfur til kennara á öllum skólastigum, þ.e. frá leikskóla til háskóla. Meðal annars skal bent á að meðallengd leikskólakennaranáms í nágrannalöndum er rúmlega þrjú ár, þ.e.a.s. þar sem á annað borð er gerð krafa um háskólagráðu. Þá er á það minnt að stutt er síðan leikskólakennaranám var fært á háskólastig; 1998 við KHÍ og 1996 við Háskólann á Akureyri. Sú breyting hefur skilað leikskólunum betur menntuðum leikskólakennurum og mætt vel þörfum leikskólanna. Það er því að mati Reykjavíkurborgar ekki aðal verkefnið nú að auka menntun leikskólakennara. Megin verkefnið er að fjölga þeim sem og öðru starfsfólki sem vinnur við leikskólana. Blasir við að ríkisstjórnin þarf að fara í skipulagðar aðgerðir til fjölga þeim

nemendum sem útskrifast með réttindi sem leikskólakennarar. Það gerist ekki með því að gera þessar auknu kröfur til menntunar þeirra.

Ýmsar jákvæðar breytingar eru í frumvarpinu. Má þar nefna að viðurkenning starfsréttinda er veitt óháð því hvaða háskóla nám er stundað við. Mun þessi breyting væntanlega einfalda afgreiðslu leyfisbréfa til kennara sem eru menntaðir í öðrum löndum. Sérstaklega má benda á að í 24. gr. frumvarpsins kemur fram að leyfisbréf kennara geta gilt á fleiri en einu skólastigi. Sem dæmi má nefna að leyfisbréf grunnskólakennara sem hefur sérhæft sig í kennslu yngri barna veitir heimild til kennslu elstu aldursflokka í leikskóla og á sama hátt fær leikskólakennari sem hefur sérhæft sig í kennslu eldri barna heimild til kennslu í 1.-3. bekkjum grunnskóla. Þessi breyting er til þess fallin að stuðla að auknu hagræði og sveigjanleika í skólastarfi, til dæmis þar sem leikskóli og grunnskóli eru reknir í einni stofnun, eins og heimilt verður samkvæmt frumvörpum til laga um leikskóla og grunnskóla. Einnig fá framhaldsskólakennarar heimild til að kenna sérgrein sína í 8.-10 bekk grunnskóla og grunnskólakennarar með sérmenntun í kennslugrein öðlast heimild til kennslu í byrjunaráföngum framhaldsskóla.

Samkvæmt kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga við leikskólakennara og grunnskólakennara er munur á launum þeirra kennara sem hafa lokið B.Ed.-prófi og þeirra sem lokið hafa meistaragráðu. Líklegt er að sú ákvörðun að lögbinda lengingu kennaranáms muni hafa áhrif á kjarasamninga við þessar stéttir þegar hún kemur til framkvæmda árið 2013 en engin umræða hefur farið fram milli aðila um það hvort kennarar sem ekki hafa lokið meistaránámi verði á öðrum launataxta en kennarar sem útskrifast eftir breytinguna.

Um 3. gr.

Eins og áður hefur verið rakið hefur Reykjavíkurborg miklar efasemdir um þá fyrirætlan að krafist sé meistaraprófs svo heimilt sé að nota starfsheitið leikskólakennari. Fyrirsjáanlegt er að þessi krafa mun enn auka á vanda sveitarfélaganna þegar kemur að mönnun leikskólanna. Mikill skortur er á leikskólakennurum og munu kröfur um viðbótarnám ekki bæta úr þeirri starfsmannaeklu sem hefur verið viðvarandi í leikskólum síðustu ár. Langan tíma tekur að hækka þekkingarstig leikskólakennara í samræmi við þessar kröfur. Reikna má með að margir sem nú sinna kennslu í leikskólum muni hverfa aftur til náms til að verða fullgildir kennarar og nýir kennarar munu útskrifast seinna sem enn eykur verulega á kennaraskort. Þá verður að horfa á þessa kröfu í samhengi við ákvæði 9. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir að 2/3 hlutar starfsmanna leikskóla uppfylli lögverndunarákvæðið.

Reykjavíkurborg telur mikilvægt að 3ja ára háskólanám veiti réttindi til kennslu í leikskólum og þannig sé gætt samræmis við það sem gildir um aðra háskólamenntun. Í mjög auknum mæli veitir þriggja ára háskólanám nú háskólagráðu. Hins vegar mætti gera þá kröfu að til þess að geta gegnt stöðu deildarstjóra eða leikskólastjóra þurfi meistaránám.

Þá er tilefni til að benda á að í leikskólum borgarinnar er ekki síður sóst eftir menntuðu fólki á sviði iðn-, list- og verkgreina sem og íþróttakennurum sbr. 3. og 4. tl. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Það er ekki einvörðungu bundið við grunnskóla.

Um 4. gr.

Þótt ekki sé samskonar mönnunarvandi í grunnskólum og í leikskólum má um margt vísa til sjónarmiða sem áður hafa verið rakin um þörfina á því að binda rétt til að nota starfsheitið kennari við kröfu um meistaraþróf.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um viðurkenningu kennsluréttinda þeirra sem hafa hlotið kennaramenntun erlendis og er greinin óbreytt frá 3. gr. gildandi laga. Sú spurning hlýtur að vakna hvort ákvörðun um lengingu kennaranáms hér á landi kalli á endurskoðun greinarinnar, m.a. til að tryggja að allir sem fá viðurkennd réttindi uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til kennara sem útskrifast úr innlendum háskólum.

Um 9. gr.

Óraunhæft er að binda í lög að 2/3 hlutar stöðugilda við leikskóla skuli vera mannaðir leikskólakennurum, sérstaklega þegar haft er í huga ákvæði 3. gr. um meistaraþróf. Í leikskólum Reykjavíkurborgar voru 1. október 2007 1.336 stöðugildi sem voru mönnuð þannig að 445 eða 33% starfsmanna voru leikskólakennarar, 161 eða 12% voru með aðra háskólamenntun og 730 eða 55% voru úr öðrum starfsstéttum. Hlutföllin eru svipuð í öðrum sveitarfélögum. Á undanförunum sex árum hafa að meðaltali útskrifast um 100 leikskólakennarar sem koma til starfa á landinu öllu. Er því fyrirsjáanlegt að það munu ekki koma nægilega margir leikskólakennarar til starfa á næstu árum til að uppfylla þessar kröfur. Má leiða að því líkur að margoft verði búið að endurskoða löggjöf um leikskóla og menntun leikskólakennara áður en þessi mönnunarkrafa verður uppfyllt.

Má ennfremur benda á að á næstu tveimur árum eftir að lögin taka gildi, gangi frumvarpið eftir, munu engir leikskólakennarar útskrifast þar sem námið lengist um tvö ár. Ákvæði 20. gr. frumvarpsins um að ekki megi ráða í stöðugildi sem ætlað er leikskólakennara nema til eins árs í senn og að auglýsa þurfi starf áður en endurráða má í það annan en leikskólakennara mun enn auka á þann vanda sem nú er til staðar við ráðningu starfsfólks í leikskólana þar sem starfsfólk mun fyrirsjáanlega leita frekar í störf þar sem meira starfsöryggi er. Þá blasir kostnaðarauki við fyrir sveitarfélögin vegna fleiri leikskólakennara og meiri umsýslu vegna skammtímaráðninga og auglýsinga.

Eðlilegt er að ætla sveitarfélögum svigrúm til að ákveða þörf fyrir aðra háskólamenntaða starfsmenn en leikskólakennara til starfa á leikskólum. Ekki er eingöngu um það að ræða að „ófaglærðir“ starfsmenn sinni þeim störfum sem ekki fást leikskólakennarar til og má nefna að víða starfa þroskaþjálfar á leikskólum og starfsmenn með háskólapróf í uppeldisfræðum. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands er gert ráð fyrir starfskröftum þroskaþjálfara á leikskólastiginu.

Stór hluti núverandi starfsmanna leikskóla er án kennsluréttinda og má alls ekki vanmeta mikilvægi þeirra starfsmanna fyrir leikskólana enda hafa margir þeirra mikla reynslu af uppeldi barna og jafnframt menntun sem nýtist í starfi. Þótt leikskólinn sé skilgreindur sem fyrsta skólastigið fer að sjálfsögðu ekki eingöngu fram skipulögð kennsla á leikskólum því þar fer einnig fram umönnun barna og eru yngstu leikskólabörnin aðeins á fyrsta ári þegar þau hefja leikskóladvöl. Á þeim aldri hlýtur áherslan að vera meiri á umönnun en kennslu. Einnig hefur dvöl barna á leikskólum lengst á undanförunum árum og er algengt að börnin dvelji þar í 8-9 klst. á dag. Börn á leikskólaaldri eru tæpast fær um að stunda nám nema hluta þess

dvalartíma. Það er því umhugsunarefni hvort þörf sé á því að 2/3 hlutar allra starfa við kennslu, umönnun og uppeldi á leikskólum séu unnin af leikskólakennurum og fyllilega óraunhæft og örökstutt ef krafist er meistaraþráðu eins og lagt er til í frumvarpinu.

Um 11. gr.

Lagt er til að ákvæðið fari út enda um að ræða atriði sem eðlilegt er að kveðið sé á um í kjarasamningi milli aðila eins og almennt gildir um starfsmenn sveitarfélaga. Afar óæskilegt er að lögbinda atriði eins og að ráða skuli leikskólakennara til starfa með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi, enda sé ráðningu ætlað að standa í a.m.k. þrjú mánuði. Ef framangreint ákvæði verður áfram inni í frumvarpinu er lögð áhersla á að þar verði jafnframt kveðið á um reynslutíma og að lengd hans verði undir ákvörðun vinnuveitanda komið.

Um 13. gr.

Lagt er til að orðin „*eða aðstoðarskólustjóri*“ falli brott. Í frumvarpi til laga um grunnskóla er stöðuheiti aðstoðarskólustjóra fellt brott. Einnig er orðalag ákvæðisins ekki í fullkomnu samræmi við 10. gr. frumvarpsins um skilyrði til að verða ráðinn leikskólustjóri og er því lagt til að ákvæðið verði svohljóðandi:

„Til þess að verða ráðinn skólustjóri við grunnskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið grunnskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á grunnskólastigi.“

Um 14. og 15. gr.

Lagt er til að ákvæðin falli brott sbr. athugasemdir við 11. gr.

Um 17. gr.

Afar sérstakt er það ósamræmi sem er á milli ráðningar stjórnenda við framhaldsskóla annars vegar og leik- og grunnskóla hins vegar, þ.e. að skólustjórnandi í framhaldsskóla þurfi aðeins að hafa starfsheitið framhaldsskólakennari en ekki annaðhvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu eins og gerð er krafa um þegar í hlut eiga stjórnendur við leik- og grunnskóla.

Um 20. gr.

Vísað er til athugasemda sem fram koma við 9. gr. um algjöran skort á starfsöryggi þeirra starfsmanna sem ekki eru leikskólakennarar en sem ráðnir eru til starfa í stöður sem ætlaðar eru leikskólakennurum þar sem enginn slíkur fæst til starfans. Það að leikskólar megi ekki ráða „ólögverndaða starfsmenn“ nema til eins árs í senn stríðir gegn meginreglum EES-vinnuréttar um tímabundið ráðna starfsmenn en þær hafa verið lögfestar hér á landi. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 139/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna er að finna verulega takmörkun á heimild vinnuveitanda til að endurnýja tímabundna ráðningarsamninga og er óheimilt að endurnýja tímabundinn ráðningarsamning lengur en í tvö ár samtals nema annað sé tekið fram í lögum. Minnt er á að starfsmenn án leikskólakennaramenntunar hafa gegnt mikilvægu hlutverki á leikskólum og er ótækt að sveitarfélögin verði sett í þá stöðu að megi ekki endurráða starfsmann vegna þess að hann hafi unnið samtals í tvö ár á sama leikskólanum. Ennfremur er minnt á að ákvæði 1. mgr. 12. gr. leikskólalaga nr. 78/1994, sbr. breytingu sem gerð var með lögum nr. 47/2001, kveður ekki á um skyldu til tímabundinna ráðninga þessa starfsfólks. Til að tryggja verði að sveitarfélög geti brugðist við langvarandi skorti á leikskólakennurum með því að ráða starfsmenn

sem ekki eru leikskólakennarar er a.m.k. nauðsynlegt að breyta frumvarpsgreininni þannig að það sé alveg skýrt að framangreind 2ja ára regla gildi ekki um ráðningar samkvæmt henni. Verði ákvæðið samþykkt óbreytt er mikil hættu á að dýrmat starfsreynsla og þekking glatist auk þess sem starfsöryggi þessara starfsmanna yrði ótryggara en það er samkvæmt gildandi lögum.

Rétt er að benda á að samkvæmt gildandi lögum er ekki skylt að auglýsa laus störf á leikskólum og má reikna með að sveitarfélög verði fyrir umtalsverðum kostnaði af þeirri skyldu að auglýsa hvert starf leikskólakennara eigi sjaldnar en tvívegis þegar ekki fást leikskólakennarar til starfa. Verður alls ekki séð að endurtekin auglýsing þjóni sama tilgangi og við ráðningar grunnskólakennara, sem að jafnaði miðast við upphaf skólaárs.

Um 21. gr.

Gerð er athugasemd við að enn sé gert ráð fyrir undanþágunefnd grunnskóla en að sveitarfélögum sé ekki treyst fyrir því að fara að lögum og málefnalegum sjónarmiðum. Telja verður þetta úrelt fyrirkomulag svo ekki sé fastar að orði kveðið og vakin athygli á að greinilega er ekki talin þörf á undanþágunefnd leikskóla.

Þá skilst 5. mgr. ákvæðisins ekki enda erfitt að sjá fyrir sér skólastjóra gera tillögu um ráðningu einhvers sem hann ekki vill ráða.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað um mat á umsóknum um laus störf og forgang til starfa. Lagt er til að ákvæðið falli brott enda afar sérstakt að í lögum um tilteknar starfsstéttir sé talin þörf á að kveða á um þessi atriði. Samkvæmt óskráðri meginreglu stjórnsýsluréttarins ber sveitarfélögum að ráða hæfasta umsækjanda um starf.

Í 3.-4. mgr. er nýmæli um að einstaklingar sem lokið hafa svonefndu bakkalárprófi á sviði uppeldis- og kennslufræða eða sambærilegu námi skuli njóta forgangs „umfram aðra“ við ráðningu í starf í leikskóla og grunnskóla. Hlýtur að vera ætlunin að láta þennan forgang gilda umfram aðra sem ekki hafa leyfisbréf til kennslu á viðkomandi skólastigi.

Um 26. gr.

Í greininni er kveðið á um að lögin taki gildi 1. júlí 2008 og ákvæði 3.-5. gr. um lengingu kennaranáms taki til þeirra sem hefja námið eftir gildistöku laganna. Má vænta þess að fyrsti árgangur sem útskrifast úr breyttu kennaranámi komi ekki til starfa fyrr en árið 2013. Þar til upplýsingar liggja fyrir um á hvern hátt inntak kennaranáms tekur breytingum við lengingu námsins verður að telja eðlilegt að gildistöku laganna verði frestað enda alls ekki ljóst að lenging kennaranáms sé tímabær eða nægilega vel undirbúin. Reykjavíkurborg er heldur ekki kunnugt um að nein úttekt hafi farið fram á mögulegum afleiðingum þess að lengja kennaranámið eða þörf fyrir þá breytingu

Um ákvæði til bráðabirgða.

Til að ljúka endurskoðun á löggjöf sem varðar grunnskólastigið er mikilvægt að lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla verði endurskoðuð sem fyrst. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þeirri endurskoðun verði lokið innan tveggja ára frá gildistöku laganna. Er eðlilegt að stefna að því að semja um þessi atriði milli aðila og lögin í framhaldi af því felld úr gildi í heild sinni. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að sambærileg löggjöf um réttindi og skyldur einstakra starfsstétta sveitarfélaga þekkist ekki en nefnd lög voru sett í tengslum við flutning grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga í ágúst 1996. Þá er

áréttað það sem hefur áður komið fram að samkvæmt sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir því fyrirkomulagi að um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fari eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga. Ekkert hefur komið fram sem rökstyður að um stétt kennara þurfi að gilda eitthvað annað.



Kristbjörg Stephensen